**Nd. 616. Breytingartillaga [119. mál]**

við frv. til laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

Við 3. gr. Á eftir síðari málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Einnig er Innheimtustofnuninni heimilt, sé þess óskað, að taka að sér innheimtu gegn greiðslu á þeim hluta barnsmeðlags, sem hærri er en lögmæltur barnalífeyrir, svo og öðrum kröfum, sem framfærslumaður barns kann að eiga á barnsföður eða barnsmóður, þar með talinn framfærslueyrir hjóna vegna skilnaðar samkvæmt yfirvaldsúrskurði, skilnaðarbréfi, skilnaðarsamningi eða lögum.